

- 2.2. Einkaaðili sem hyggst veita fræðslu um brunavarnir og brunamál eða þjálfun í brunavörnum og björgun úr eldsvoða og taka gjald fyrir, verður að fá viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins á starfsemi sinni. Ef hann er hæfur að mati stofnunarinnar gefur hún út skilyrt vottorð honum til handa. Slökkviliðsstjóri getur einnig veitt framangreinda heimild að fengnu leyfi brunamálastjóra.
- 2.3. Einkaaðilum er heimilt án sérstaks leyfis Brunamálastofnunar ríkisins að láta í té fræðslu um brunavarnir á afmörkuðu sviði, t.d. eftirliti og viðhaldi brunavarnabúnaðar sem viðkomandi aðili framleiðir eða flytur til landsins. Slík fræðsla veitir þó einungis réttindi á því afmarkaða sviði. Slökkviliðsstjórum ber að gangast fyrir námskeiðum, sem húseigendum og starfsmönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að sækja til að uppfylla lög og reglur um brunavarnir, en þau eru háð eftirliti Brunamálastofnunar ríkisins og verða að uppfylla kröfur stofnunarinnar um leiðbeinendur og námsefni.
- 3. Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar.**
- 3.1. Brunamálastofnun ríkisins og slökkviliðsstjórar í umboði hennar, hver á sínu brunavarnarsvæði, hafa eftirlit með því að farið sé eftir reglugerð þessari.
- 3.2. Séu ákvæði reglugerðar þessarar brotin fer um málið eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu jöfnunarálags á innflutt hús og húshluta.

1. gr.

Reglugerð nr. 387/1992, um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta, með síðari breytingum er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 120. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. maí 1994.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1994.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.